



Málsnr. 2020040422

Reykjanesbæ 2. júní 2020

Svör við spurningum Margrétar Þórarinsdóttur um þróunarsvæði Jarðvangs á bæjarstjórnarfundi 19. maí 2020.

1. *Samkvæmt skýrslunni hefur Reykjanesbær lýst yfir vilja að þróa svæðið nánar. Hvað felst í því?*

Svar: Svæðið var skipulagt sem akstursþróttasvæði en þeir aðilar sem að því stóðu fóru í þrot en aðrir aðilar hafa ekki verið tilbúnir til þess að taka við undir sömu formerkjum. Samkomulag var gert um að stofna félagið Jarðvang sem hafi þann tilgang að finna svæðinu annað hlutverk. En uppbygging í tengslum við ferðaþjónustu þykir vænlegur kostur á þessum stað.

Reykjanesbær hefur vilja til þess að styðja við uppbyggingu á atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu.

Erum að vinna rammaskipulag af þessu svæði í heild með Bláa Lóninu. Með rammaskipulagi er verið að móta aðalskipulagsvinnu fyrir þetta svæði.

2. *Er búið að gera kostnaðaráætlun, hver verður kostnaður Reykjanesbæjar?*

Svar: Kostnaðargreining liggur ekki fyrir. Hluti vinnunnar er að vinna slíka greiningu.

3. *Hver er ávinningur Reykjanesbæjar og hvað mun þetta verkefni gefa okkur í tekjur?*

Svar: Umfang uppbyggingar, tegund starfsemi eða áætlanir varðandi rekstur liggja ekki fyrir. En myndin skýrist þegar þróunaráætlun liggur fyrir og áhugi fjárfesta er ljós.

4. *Hverjar eru okkar skuldbindingar við þetta verkefni?*

Svar: Sveitarfélagið kemur að skipulagsvinnu þannig að það geri þær breytingar á aðalskipulagi sem sátt er um og kosti þær. En þær breytingar eru hluti af heildarendurskoðun aðalskipulags og er ekki skilgreint sérstaklega.

5. *Það er talað um í skýrslunni að Bláa Lónið og Reykjanesbær séu að fullu eigendur Jarðvangs ehf. Hvernig skiptist prósentutalan?*

Svar: Jarðvangur er í 100% eigu Bláa Lónsins eins og kemur fram í skýrslunni. Reykjanesbær á ekki hlut.

KMK

6. Í 11. grein samningsins er talað um kostnaður skiptist á milli aðila, er komin kostnaðargreining um þennan kostnað?

Svar: Kostnaðargreining liggur ekki fyrir enn. Áður en til fjárhagslegra skuldbindinga kemur þarf hún að liggja fyrir eins og kemur fram í lið e) 11.gr.

7. Í fyrstu málsgrein í samningnum kemur fram að Reykjanesbær á umráðarétt yfir öðrum hluta svæðisins en þeim sem Jarðvangur hefur fjárfest í. Hvað þýðir þetta fyrir Reykjanesbæ?

Svar: Þetta þýðir að það svæði sem Jarðvangur hefur ekki fjárfest í tilheyrir Reykjanesbæ, sem getur úthlutað því svæði þegar skipulag liggur fyrir. En þar sem skipulag liggur ekki fyrir er ekki hægt að áætla verðmæti þess svæðis.

Reykjanesbæ 2. júní 2020

 BÆJARSTJÓRINN
Kjartan Mór Kjartansson
Kjartan Mór Kjartansson bæjarstjóri
REYKJANESBÆ